



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

## Skólanámskrá SÍJ Íslenska – 4. bekkur

Íslenska er samofin öllum námsgreinum og skólastarfinu öllu. Í Ísaksskóla er sungið alla daga og áhersla lögð á að efla málskilning og orðaforða nemenda. Unnið er markvisst með lestur samkvæmt hljóðaaðferð Ísaks Jónssonar. Nemendur lesa heima daglega úr sameiginlegri lestrarbók. Í skólanum lesa börnin textann upphátt, ræða saman um efni hans og vinna margvísleg verkefni sem tengjast lesefninu. Auk sameiginlegrar lestrarbókar eru börnin með aukalestrarbók sem tekur mið af lestrargetu og áhuga hvers og eins. Þau fá einnig réttitunarbók sem þau skrifa í heima setningar úr lesefninu. Áhersla er lögð á að þjálfra lesfimi, lesskilning og ritun jöfnum höndum. Afar mikilvægt er að heimanámi sé fylgt vel eftir á fyrstu árum lestrarnáms.

### Matsviðmið

#### Talað mál, hlustun og áhorf

Tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum og sagt frá eigin reynslu  
Lesið eigin sögur eða ljóð upphátt fyrir aðra  
Farið eftir einföldum reglum í umræðum  
Tekið þátt í hlutverkjaleikum og leikþáttum  
Hlustað á sögur, leikrit, ljóð, horft á leikþætti og rætt efnið

#### Lestur og bókmenntir

Lesið upphátt, skýrt og áheyrilega  
Svarað spurningum og dregið ályktanir út frá lesefni  
Sagt frá lesefni og dregið saman aðalatriði  
Valið lesefni eftir áhuga og lestrargetu  
Fundið upplýsingar í bókum og á netinu um fjölbreytt efni  
Sungið lög af söngdagskrá skólans  
Útskýrt merkingu orðtaka og málshátta  
Lesið úr einföldum myndrænum upplýsingum s.s. töflum og táknum

#### Ritun

Skrifað læsilega og snyrtilega þannig að stafir sitji á línu, skrifarhalli og hlutföll stafa séu rétt  
Dregið rétt til stafs með tengiskrift  
Svarað spurningum skriflega, með heilum setningum  
Skrifað eigin frásagnir, sögur og ljóð og lesið fyrir samnemendur  
Skrifað frásagnir og sögur sem hafa upphaf, meginmál og niðurlag

Beitt reglu um stóran staf í sérnöfnum og í upphafi setninga  
Beitt reglu um sérhljóða sem standa á undan -ng og -nk  
Beitt reglu um tvöfaldan samhljóða  
Beitt reglu um -n eða -nn í greini nafnorða  
Skrifað kvennanöfn sem enda á -unn  
Skrifað algeng orð með y og ý

### **Málfræði**

Raðað orðum í stafrófsröð  
Fundið samheiti og andheiti  
Greint á milli sérnafna og samnafna  
Greint og flokkað nafnorð, lýsingarorð og sagnorð  
Greint kyn, tölu og fall nafnorða  
Fallbeygt nafnorð  
Búið til eitt orð úr tveimur og öfugt  
Stigbreytt lýsingarorð

### **Virgni og samskipti**

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru  
Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi

### **Námsmat**

Kennarar meta hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og birta á Mentor.  
Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Kennarar meta þau  
hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til  
grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, kannanir og próf.

- Samræmt könnunarpróf í íslensku er lagt fyrir í september.
- Lesfimipróf frá Menntamálastofnun eru lögð fyrir í september, janúar og maí. [Hér](#) má nálgast lesfimiviðmið Menntamálastofnunar.
- Aston Index - stafsetningarpróf fyrir 4. bekk er lagt fyrir að hausti og vori.